

Reglugerð um framkvæmdaleyfi

Pétur Ingi Haraldsson, skipulagsfulltrúi Uppsveita bs.

Framkvæmdaleyfi – eldri lög

„Afla skal framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess, svo sem breytingar lands með jarðvegi eða efnistöku, og annarra framkvæmda sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum”

„Háðar framkvæmdaleyfi eru meiriháttar framkvæmdir við götur, holræsi, vegi og brýr, aðrar en göngubrýr í þéttbýli, jarðgöng, flugbrautir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, hafnir, virkjanir, efnistöku, sorpförgun og aðrar meiriháttar framkvæmdir sem áhrif hafa á umhverfið og breyta ásýnd þess.

Með meiriháttar framkvæmdum í 2. mgr. er átt við framkvæmdir sem vegna eðlis eða umfangs hafa veruleg áhrif á umhverfið. Það á t.d. við um framkvæmdir sem farið hafa í mat á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum, en einnig skal höfð hliðsjón af framkvæmdum tilgreindum í viðauka II með reglugerð um mat á umhverfisáhrifum.”

Útgáfa framkvæmdaleyfa - áður

- Óljóst hvaða framkvæmdir eru leyfisskyldar
- Framkvæmdaaðilar ekki mikið að spyrja um hvort framkvæmd sé leyfisskyld
- Stórt svæði með mörg hundrum jörðum gerir eftirlit með framkvæmdum erfitt.
- Ekki mörg leyfi veitt, nokkrar vegafamkvæmdir, einstaka efnistökusvæði og veitufamkvæmdir (hitaveita, vatnsveita, ljósleiðarar).

Útgáfa framkvæmdaleyfa – í dag

- Hvaða framkvæmdir eru framkvæmdaleyfisskyldar, 4. gr.
*„Allar framkvæmdir sem **teljast meiriháttar, hafa áhrif á umhverfið og breyta ásýnd** þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir. Óheimilt er að hefja slíka framkvæmdir nema fyrir liggi samþykki leyfisveitenda um útgáfu framkvæmdaleyfis og að framkvæmdaleyfi hafi verið gefið út.”*

*„Við mat á því hvort framkvæmd telst meiriháttar, þ.e. aðrar framkvæmdir en þær sem falla undir lög um mat á umhverfisáhrifum, skal hafa til hliðsjónar stærð svæðis og umfang framkvæmdar, varanleika og áhrif á landslag og ásýnd umhverfisins og önnur umhverfisáhrif. **Leyfisveitandi metur hvort framkvæmd sé framkvæmdaleyfisskyld skv. 1. mgr., falli hún ekki undir lög um mat á umhverfisáhrifum.**”*

Framkvæmdir sem geta verið háðar frkv.leyfi

Nýir vegir og enduruppbygging vega, stígar, brýr í dreifbýli, þ.m.t. umferðar- og göngubrýr,efnistaka á landi, úr ám, vötnum.....borun eftir heitu eða köldu vatni, varnargarðar eða fyrirhleðslur vegna ár-, sjó- eða ofanflóða, stofn-, dreifi- og flutningskerfi fráveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fjarskipta, rafveitna og verulegar breytingar á slíkum mannvirkjum, breytingar lands með jarðvegi svo sem efnislosun, landmótun (t.d. manir), urðunarstaðir, nýræktun skóga, hvort sem um er að ræða nytjaskóg eða útivistarskóg eða skógareyðing, uppgræðsla lands á verndarsvæðum, endurheimt votlendis, framræsing lands, framkvæmdir á.....golfvöllum og öðrum svæðum til íþróttaiðkunar og framkvæmdir til að leggja óræktað land eða lítt snortið svæði undir þaulnýttinn landbúnað

Framkvæmdaleyfi?



Framkvæmdaleyfi – næstu skref

- Ný reglugerð skýrir málin.... en samt ekki.
- Það er ekki komin reynsla á framkvæmd reglugerðarinnar.
- Sveitarstjórnir í samráði við skipulagsnefndir þurfa að skilgreina nánar hvaða framkvæmdir eru leyfisskyldar.
- Fræða framkvæmdaraðila um leyfisskyldar framkvæmdir.

Takk fyrir